

Lög

**um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008,
með síðari breytingum (hækkun skrásetningargjalda).**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 24. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „45.000 kr.“ í a-lið kemur: 60.000 kr.
- b. Við málsgreinina bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Háskóla er heimilt að skipta innheimtu skrásetningargjalds skv. a-lið hlutfallslega yfir skólaárið.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2012.

Samþykkt á Alþingi 17. desember 2011.

